

# Svalbarðsstrandarhreppur

---

## Íbúafundur um sameiningarvalkosti

30. nóvember 2021

Róbert Ragnarsson  
Jón Hrói Finnsson  
Gunnar Úlfarsson





# Verkefnið

- Markmið verkefnisins er að greina styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri Svalbarðsstrandarhrepps ef til sameiningar sveitarfélagsins kemur. Í því felst jafnframt að greina sameiningarvalkosti.
- Afurð verkefnisins verður minnisblað sem lýsir niðurstöðum verkefnisins og auðveldar sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps að meta hvort og þá við hvaða sveitarfélög skuli hefja sameiningarviðræður.
- Vinnustofa I
  - Ráðgjafi kynnti lagaumhverfi og algengt verklag við sameiningar sveitarfélaga.
- Vinnustofa II
  - Ráðgjafi leiddi hópinn í vinnu þar sem styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri voru greind
- Íbúafundur
  - Ráðgjafar munu leiða kynningu og varpa fram spurningum sem íbúar ræða sín á milli. Leitast verður við að fá fram hvaða atriði skipta íbúana mestu máli, ef til sameiningarviðræðna kemur.
  - Verkefni dagsins í dag.
- Skilafundur
  - Minnisblað með valkostagreiningu kynnt fyrir sveitarstjórn á fundi.



# Stefna stjórnvalda

- Þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019–2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2023
  - Áherslur:
    - aukið bolmagn sveitarfélaga
    - aukið íbúalýðræði
    - aukin stafræn þjónusta og aðkoma íbúa að ákvörðunum
    - bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa
    - aukið fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaga
    - jöfnun á þjónustustigi í sveitarfélögum
  - Felur í sér stefnu um að lágmarksviðmið verði sett í lög og stuðningur við sameiningar stóraukinn

# Lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags



## 4. gr. sveitarstjórnarlaga:

*Í því skyni að auka sjálfbærni sveitarfélaga og tryggja getu þeirra til að annast lögbundin verkefni skal stefna að því að lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags sé ekki undir **1.000. (250 íbúar frá 2022)***

*Ef íbúafjöldi sveitarfélags er undir 1.000 við almennar sveitarstjórnarkosningar skal sveitarstjórn þess, [..]::*

- a. **hefja formlegar sameiningarviðræður** á grundvelli 119. gr. eða*
- b. **vinna álit** um stöðu sveitarfélagsins, getu þess til að sinna lögbundnum verkefnum, sbr. 1. mgr., og um þau tækifæri sem felast í mögulegum kostum sameiningar sveitarfélagsins við annað eða önnur sveitarfélög.*

*[..] þar skal m.a. fjallað um fjárhagslega og félagslega þætti sveitarfélagsins, íbúapróun, þjónustu sveitarfélagsins og aðrar samfélagslegar aðstæður.*



# Verklag við sameiningarviðræður

## Formlegar viðræður

- Lögbundið ferli sem endar með kosningum um sameiningartillögu
  - 119. gr. svstjl.
- Sveitarstjórnir þeirra sem eru í viðræðum skipa nefnd sem vinnur að undirbúningi
- Samstarfsnefnd hefur mikið frelsi um verklag við undirbúning
- Mat á kostum og ókostum tillögunnar
- Íbúafundir og samráð
- Jöfnunarsjóði skylt að veita framlög

## Óformlegar viðræður

- Könnunarviðræður
- Sveitarstjórnir geta hætt þátttöku
- Mat á kostum og ókostum mismunandi sameiningarvalkosta
- Íbúafundir og samráð
- Möguleiki á stuðningi úr Jöfnunarsjóði

# Tímalína og vörður



## Við erum hér





# Samstarfssamningar

Svalbarðsstrandarhreppur er aðili að eftirtöldum samningum um samstarf, samkvæmt upplýsingum frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti:

- Skipulags- og byggingafulltrúaembætti Eyjafjarðar bs.
- Stofnsamningur um hafnasamlag Norðurlands
- Samningur um skipan heilbrigðisnefndar og rekstur heilbrigðiseftirlits á Norðurlandi eystra
- Samningur um rekstur Almanna- og Almannavarnarnefndar Eyjafjarðar
- Samningur við Akureyrarbæ um aðgang að Öldrunarheimili Akureyrar
- Samningar Akureyrarbæjar við Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhrepp um brunavarnir
- Samningur við Akureyrarbæ um barnavernd, leik- og grunnskóla og félagsþjónustu
  - (ráðgjafarþjónustu)
- Sameiginlegt þjónustusvæði í Eyjafirði um þjónustu við fatlaða
- Samþykkt fyrir Héraðsskjalasafnið á Akureyri



# Lögskyld áætlanagerð og verkefni

- Löggjafinn setur kröfur á sveitarfélögin þegar kemur að ýmiss konar stefnumörkun og reglusetningu sem þeim er skylt að sinna til að tryggja réttaröryggi og jafnrétti íbúa sveitarfélaganna.
- Í töflunni hér til hliðar eru dæmi um verkefni og áætlanir sem sveitarfélögum er skylt að sinna samkvæmt lögum.
- Byggt er á gögnum og upplýsingum á heimasíðu sveitarfélagsins og eftirlitstofnana.

Lögskyld verkefni	Staða
Samþykkt um stjórn og fundarsköp	Já
Aðalskipulag í gildi	Í endurskoðun
Húsnæðisáætlun í gildi	Já
Jafnlaunavottun	Já
Loftlagsstefna	Í vinnslu
Grunnskólastefna í gildi	Já
Leikskólastefna í gildi	Já
Siðareglur birtar	Já
Staðfesting ársreiknings	Já
Fjárhagsáætlun samþykkt	Já
Reglur um fjárhagsaðstoð	Reglur Akureyrarbæjar
Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning	Reglur Akureyrarbæjar





# SVÓT greining

Á vinnustofu II þann 6. maí 2021 leiddu ráðgjafar þátttakendur í vinnu þar sem styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri sveitarfélagsins voru greind.

# Styrkleikar



- Sterkt skólaumhverfi
  - Góðir leik- og grunnskólar
- Nálægð við náttúruna
  - Sólmegin í Eyjafirði
  - Útsýnið
  - Útivistarparadís
- Samskiptaleiðir stuttar
  - Sjálfstæði sveitarfélagsins
  - Samstaða íbúa
- Góðar samgöngur
- Afþreying og félagsstarf
  - Sundlaugar, Safnasafnið, Kvenfélagið, Jógasetrið
- Fjárhagstaða sveitarfélagsins er góð
  - Góðir innviðir
- Nýtt hverfi í uppbyggingu
  - Góðir möguleikar til að fjölga í sveitarfélaginu
  - Góðar byggingarlóðir með miklu útsýni
- Gott mannlíf
  - Barnvænt umhverfi
- Atvinnuumhverfi sterkt
  - Mikill vöxtur í ferðaþjónustu
  - Öflugur landbúnaður
  - Hafnaraðstaðan



# Veikleikar/áskoranir

- Hár meðalaldur og mikil þjónustubörf
  - Öldrunarþjónustan
  - Félagsþjónustan
- Fámenni og smæðin
  - Hlutfallslega dýrir innviðir
  - Miklar kvaðir á sveitarfélög
- Einhæft atvinnustarfsemi
- Tekjuskortur
  - Rekstur grunnskóla dýr
- Fjarlægð í frístundir fyrir börn
- Fjarlægðir
  - Almenningsþingur skortir
- Einhæft atvinnulíf
  - Skortur á nýsköpun
  - Þörf á húsnæði fyrir nýsköpun
- Þjónustusamningar við önnur sveitarfélög skila ekki nægilega miklu
- Stórt sveitarfélag með litla burði til að vinna að verkefnum sem ekki flokkast undir verkefni sveitarfélags eins og uppbygging útivistarsvæða og göngustíga

# Ógnanir



- Að skólinn verði lagður niður
- Fækkun íbúa
  - Óánægja íbúa
- Hætta á þjónustuskerðingu
  - Sundlaug lokað
  - Lítil þjónusta fyrir börn og unglunga
- Að missa áhrif ef til sameiningar kæmi
  - Ákvarðanir um nýtingu landrýmis
- Lagabreytingar og auknar kröfur hins opinbera
  - Breytingar á fyrirkomulagi Jöfnunarsjóðs
  - Ný sveitarstjórnarlög
- Fækkun atvinnutækifæra
  - Stærri áfangastaðir í ferðaþjónustu gleypi þá minni
  - Stór fyrirtæki flytji starfsemi
  - Slæmur efnahagur
- Loftslagsbreytingar og áhrif á veðurfar og náttúru
  - Aurskriður
- Stórfellt laxeldi í Eyjafirði
- Að almenningsamgöngur skerðist
- Missa land til landbúnaðarnotkunar undir íbúðabyggð
- Ólykt frá landbúnaði



# Tækifæri

- Fjölgun íbúa
  - Nýtt hverfi og uppbygging þess
  - Pláss í grunn- og leikskóla
  - Barnvænt samfélag
- Aukning í ferðapjónustu
  - Sterk og jákvæð ímynd
- Samnýting sérfræðipækkingar
  - Samvinna í þjónustu
  - Nýta mannauðinn á staðnum
- Möguleikar á bættri og fjölbreyttari þjónustu
  - Öldrunarþjónusta
  - Skólaþjónusta
  - Íþróttastaða
  - Almenningsamgöngur
  - Hjólastígar
- Innviðir sveitarfélagsins bjóða upp á meiri notkun
- Hugsa um staðsetningu sem lúxus
  - Nálægð við náttúru og útivistarsvæði
  - Umhverfisvænt samfélag með sjálfbærni að leiðarljósi
  - Laða að “umhverfisvænt fólk”
- Strandmenning að aukast
  - Höfnin
- Ákvarðanataka á staðnum um málefni nærsamfélagsins
- Möguleikar á að endurhugsa og finna nýjar lausnir

# Áhersluatriði




- Halda í grunn- og leikskóla
  - Að skólarnir verði áfram öflugir og sterkir
  - Halda skólamáltíðum áfram fríum
  - Barnvænt samfélag
- Friðsæld og nálægð við náttúru
- Bætt þjónusta
  - Öldrunarþjónusta
- Tryggja nýtingu innviða
- Að taka þátt í ákvörðunum um okkar samfélag – halda boðleiðum stuttum
  - Málsvari svæðisins í sameinuðu sveitarfélagi
  - Heimastjórnir
- Viðhalda samheldni í samfélaginu
- Samgöngur
  - Strætó
- Klára uppbyggingu nýs hverfis
  - Snyrta í kringum hverfið á eyrinni
  - Gott framboð lóða fyrir einbýlishús
- Stuðla að auknum atvinnutækifærum á staðnum
  - Ýta undir og styðja við nýsköpun
- Hringrásarhagkerfi
- Frístund fyrir börn og unglunga
  - Sameiginlegur staður fyrir börn og ungmenni að hittast
  - Halda niðurgreiðslu á sumarnámskeiðum áfram
  - Halda í frítt sund
- Ljúka við göngu- og hjólastíga

# Íbúapróun



Íbúapróun og mannfjöldaspá 2001 - 2031



- Íbúum í sveitarfélaginu hefur fjölgað um 25% frá árinu 2001.
- Íbúum hefur fækkað frá 2019 en miðspá Byggðastofnunar gerir ráð fyrir fjölgun í sveitarfélaginu á næstu árum.



# Lýðfræðilegir veikleikar

- Lýðfræðilegir veikleikar byggja á aðferðafræði Nordregio (e. demographic vulnerability index).
- Um er að ræða einkunn sem byggir á 10 mælikvörðum yfir lýðfræðilega veikleika sveitarfélags, s.s. aldursamsetningu, fæðingar- og dánartíðni.
  - Gefur til kynna hvernig lýðfræðileg samsetning sveitarfélags ætti að vera til að tryggja góða aldursamsetningu til lengri tíma
- Lýðfræðilegir veikleikar Svalbarðsstrandarhrepps eru 5.

Lýðfræðilegur veikleiki	Veikleiki ef	Svalbarðsstrandarhreppur
Fæðingartíðni	<10,5	15,9
Dánartíðni	>8,9	6,8
Aðfluttir umfram brottflutta	<0	-12
Fjöldi 0-14 ára	<17,3%	20,0%
Fjöldi 15-24 ára	<12,0%	10,2%
Fjöldi 25-54 ára		42,0%
Fjöldi 55-64 ára	>12,0%	16,8%
Fjöldi 65 og eldri	>19,5%	11,1%
Færri konur en karlar	<0	-37
Hlutfall kvenna á móti körlum	Færri en 93 konur á 100 karla	87,7
Veikleikar samtals		5






# Meginreglan um ábyrga fjármálastjórnun

- Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.
- Við könnum meginregluna út frá **veltufé frá rekstri að frádregnum afborgunum langtímaskulda**.
  - Gefur til kynna hver fjárfestingargeta sveitarfélagsins er án skuldsetningar.
- Svalbarðsstrandarhreppur hefur undanfarin ár haft jákvætt veltufé að frádregnum afborgunum langtímalána.

Veltufé að frádregnum afb.  
Langtímalána í þús. kr.




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, RR ráðgjöf



# Jafnvægisreglan

- Sveitarstjórn skal sjá til þess að samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum.
  - Jafnvægisreglan er því samtala rekstrarniðurstöðu til þriggja ára.
- Svalbarðsstrandarhreppur hefur staðist jafnvægisreglu frá árinu 2016.

Jafnvægisregla í þús. kr.




Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, RR ráðgjöf



# Skuldareglan

- Sveitarstjórn skal sjá til þess að heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum.
- Skuldahlutfall Svalbarðsstrandarhrepps hefur verið í kringum 10-16% síðustu fimm árin.



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, RR ráðgjöf

# Sameiningarframlög Svalbarðsstrandarhrepps

- Samkvæmt tillögu ráðherra myndu sameiningarframlög til Svalbarðsstrandarhrepps vera 122 m.kr. miðað við ársreikning ársins 2020.
- Fjárhæð heildarframlaga ræðst af þeim sveitarfélögum sem sameinast og tekur mið af árinu fyrir gildistöku sameiningar.
- Framlögin eru greidd út á sjö árum eftir samkomulagi við Jöfnunarsjóð.

Framlag	M.kr.
Fast framlag	100
Skuldajöfnunarframlag	0
Byggðaframlag	22
<b>Samtals</b>	<b>122</b>

# Valkostir

- Eyjafjörður
- Eyjafjörður án Akureyrar
- Svalbarðsstrandarhreppur og Akureyri
- Svalbarðsstrandarhreppur, Eyjafjarðarsveit og Grýtubakkahreppur
- Svalbarðsstrandarhreppur og Eyjafjarðarsveit

# Eyjafjörður

Viðmið	2019	2020
Meginreglan	2.572.895	1.609.848
Jafnvægisreglan	1.854.649	-311.201
Skuldahlutfall	102%	115%

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1.1.2021	Vegalengd í km	Sameiningar- framlög (m.kr.)
Svalbarðsstrandarhreppur	441		122
Akureyrarbær	19.219	13	700
Eyjafjarðarsveit	1.097	21	125
Hörgársveit	653	26	107
Grýtubakkahreppur	371	27	120
<b>Sameinað</b>	<b>21.781</b>		<b>1.175</b>

- Sameinað sveitarfélag stæðist önnur viðmið en jafnvægisreglu árið 2020.
  - Stæðist öll viðmið 2019.
- Íbúafjöldi myndi ná íbúalágmarki sveitarstjórnarlaga fyrir 2026.
- Framlög vegna sameiningar væru 1.175 m. kr.

# Eyjafjörður án Akureyrar

Viðmið	2019	2020
Meginreglan	242.170	138.523
Jafnvægisreglan	456.963	459.499
Skuldahlutfall	27%	27%

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1.1.2021	Vegalengd í km	Sameiningar- framlög (m.kr.)
Svalbarðsstrandarhreppur	441		122
Eyjafjarðarsveit	1.097	21	125
Hörgársveit	653	26	107
Grýtubakkahreppur	371	27	120
<b>Sameinað</b>	<b>2.562</b>		<b>475</b>

- Sameinað sveitarfélag stæðist fjárhagsleg viðmið árið 2020.
- Íbúafjöldi myndi ná íbúaviðmiði sveitarstjórnarlaga fyrir 2026.
- Framlög vegna sameiningar væru 475 m.kr.



# Svalbarðsstrandarhreppur og Akureyri

Viðmið	2019	2020
Meginreglan	2.400.158	1.490.619
Jafnvægisreglan	1.544.798	-655.196
Skuldahlutfall	109%	122%

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1.1.2021	Vegalengd í km	Sameiningar- framlög (m.kr.)
Svalbarðsstrandarhreppur	441		122
Akureyrarbær	19.219	13	700
<b>Sameinað</b>	<b>19.660</b>		<b>822</b>

- Sameinað sveitarfélag stæðist fjárhagsleg viðmið önnur en jafnvægisreglu árið 2020.
- Stæðist öll fjárhagsleg viðmið 2019.
- Íbúafjöldi yfir íbúalágmarki sveitarstjórnarlaga 2026.
- Framlög vegna sameiningar væru 822 m.kr.



# Svalbarðsstrandarhreppur, Eyjafjarðarsveit og Grýtubakkahreppur



Viðmið	2019	2020
Meginreglan	175.427	101.786
Jafnvægisreglan	340.484	350.679
Skuldahlutfall	26%	27%

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1.1.2021	Vegalengd í km	Sameiningar- framlög (m.kr.)
Svalbarðsstrandarhreppur	441		122
Eyjafjarðarsveit	1.097	21	125
Grýtubakkahreppur	371	27	120
<b>Sameinað</b>	<b>1.875</b>		<b>376</b>


- Sameinað sveitarfélag stæðist fjárhagsleg viðmið árið 2020.
- Íbúafjöldi yfir íbúalágmarki sveitarstjórnarlaga 2026.
- Framlög vegna sameiningar væru 376 m.kr.

# Svalbarðsstrandarhreppur og Eyjafjarðarsveit

Viðmið	2019	2020
Meginreglan	183.352	93.828
Jafnvægisreglan	310.607	351.236
Skuldahlutfall	19%	16%

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1.1.2021	Vegalengd í km	Sameiningar- framlög (m.kr.)
Svalbarðsstrandarhreppur	441		122
Eyjafjarðarsveit	1.097	21	125
<b>Sameinað</b>	<b>1.538</b>		<b>247</b>

- Sameinað sveitarfélag stæðist fjárhagsleg viðmið árið 2020.
- Íbúafjöldi yfir íbúalágmarki sveitarstjórnarlaga 2026.
- Framlög vegna sameiningar væru 247 m.kr.



# Spurningar



1. Hver ættu að vera áhersluatriði Svalbarðsstrandarhrepps ef kemur til viðræðna?
2. Hvaða valkostir ættu að vera í forgangi
3. Ætti Svalbarðsstrandarhreppur að hefja sameiningarviðræður?



Farðu inni á **www.menti.com** og notaðu eftirfarandi kóða **2395 3637**